

líf og list



Um sjón:
Sigurveig
Jónsdóttir

„Þurfa að vera hörkutól“

Sýning á verkum 25 myndlistarkvenna stendur nú yfir í Ásmundarsal


„Konur þurfa helst að vera hörkutól til að hafa sig í að halda sýningu á verkum sínum,“ sagði Svala Sigurleifsdóttir ein 25 kvenna, sem nú sýna saman verk sín í Ásmundarsal við Freyjugötu.

Visir hitti Svölu ásamt þeim Eddu Jónsdóttur og Sigríði Guðjónsdóttur í gær og voru þær þá meðal annars inntar eftir ástæðu þess að svo margar listakonur sýna þarna á einu bretti.

Þær sögu að tilgangurinn hefði verið sá einn að koma saman sýningu á verkum kvenna sem hingað til hafa lítið haft sig í frammí með myndverk sín. Þær voru sammála um að konur væru yfirleitt miklu óduglegri við að sýna verk sín en karlar. Ástæðan væri ef til vill sú að þær hefðu meiri minnimáttarkennd og sjálfsgagnrýni er karlarnir.

„Við fáum líka harðari gagnrýni gagnrýnenda en karlar,“ sagði Svala. „Gagnrýnendur eru flestir karlar og verk kvenna höfða ef til vill ekki til þeirra. Þeir skilja þau ekki.“

Sigríður skaut því að, að ástæða þess hve konur eru tregar til að sýna það sem þær eru að fást við, gæti verið sú, að heimilið taki alla þeirra orku.



Sigríður, Svala og Edda við verk Guðrúnar Marinósdóttur, „Skjalataskan hans“.

Visst samræmi

Mörg verkanna á sýningunni fjalla um stöðu kvenna og sýna sjónarmið þeirra. Og flest, ef ekki öll, bera verkin ljósan vott um handbragð kvenna.

„Það kom fram vissst samræmi, sem við vissum ekki fyrir að væri milli verkanna,“ sagði Svala, en myndverkin voru ekki valin, heldur komu konurnar sjálfar með það sem

þær vildu sýna skömmu áður en sýningin var opnuð.

Þarna kennir ýmissa grasa, vefnaður, ljósmyndir, keramik, vatnslitamyndir, teikningar, grafík og saumuð myndverk eru meðal þess sem gefur að líta.

Fyrsta daginn fór fram gjörningur á sýningunni. Hann flutti Guðrún Erla (Gerla) Geirsdóttir og fjallaði hún þar um hefðbundið hlutverk konunnar. Gjörningurinn var ljósmyndaður og eru myndirnar á sýningunni, ásamt því umhverfi sem hann fór fram í.

Allar listakonurnar fást við myndlist að staðaldri og flestar eru þær nýlega útskrifaðar úr Myndlista- og handfaskólanum.

Sýningin er liður í dagskrá um konur, sem hófst með tveim myndlistarsýningum í Galleri Suðurgötu 7 og dagskrá um Jakobínu Sigurðardóttur skáld. Henni lýkur 19. júní, á kvénréttindadaginn, og er gert ráð fyrir að þann dag verði sérstök dagskrá í Ásmundarsal með ljóðalestri og tónlist.

— SJ



Frummyndir og ljósmyndir af verkum eftir Ríkard Jónsson verða til sýnis í Moskvu næstu vikurnar. Þessi mynd var tekin fyrir nokkrum árum af listamanninum við nokkur verka-sinna.

Verk Ríkards Jónssonar sýnd í Moskvu

Sýning á verkum Ríkards Jónssonar myndhöggvara var opnuð í Húsi vináttunnar í Moskvu 29. maí al. Fyrir sýningunni standa félögin Sovétríkin-Ísland og MÍR, Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna.

A sýningunni eru 27 frummyndir eftir Ríkard, blýants-, penna- og krita-teikningar, einkum mannamyndir frá yngri árum listamannsins. Þá eru þar tillögur hans að hátíðarfrimerkjum í til-

efni Alþingishátíðarinnar 1930. Einnig eru á sýningunni yfir 20 ljósmyndir af höggmyndum eftir Ríkard, myndskurði ýmiskonar, lágmyndum og fleiru. Loks eru þar fáeinir smíðisgripir úr steini, tré og beini.

Við opnun sýningarinnar voru flutt ávörp og var þriggja manna sendinefnd frá borgarstjórn Reykjavíkur undir forseti Sigurjóns Péturssonar, forseta borgarstjórnar, viðstödd.



Áðstandendur Sumargleðinnar umkringja farkostinn. Þessi ferðamáti mun þó ekki verða viðhafður.

Söngur, grín og gleði

Hljómsveit Ragnars Bjarnasonar, Þurður Sigurðardóttir, Ómar Ragnarsson og Bessi Bjarnason fara í sumar um landið þvert og endilangt með Sumargleðina sína.

Í þetta sinn verða heimsóttir um 20 staðir og verður byrjað í Vestmannaeyjum, föstudaginn 22. júní og endað í Súlnasal Hótel

Sögu sunnudaginn 12. ágúst.


A Sumargleðinni verður margt til skemmtunar eins og verið hefur, en mottó þeirra félaga er „Söngur, grín og gleði“. Að loknum tveggja tíma skemmtiatriðum verður stígninn dans fram eftir nóttu og aðeins tekin hvíld til að spila Bingó, þar sem þrjár sólarlandafærðir verða í vinninga. — SJ

Norræn vefjalist um Norðurlöndin

Önnur sýning norrænnar vefjalistar 1979-80 verður opnuð í Röðsska listiðnaðarsafninu í Gautaborg 20. júní. Þaðan fer sýningin til Kaupmannahafnar, Helsinki, Oslóar, Þórshafnar og endar að Kjarvalsstöðum í apríl 1980.

Þriggja manna dómnefnd var kosin í hverju landanna og skipuðu Íslensku nefndina Hrafnhildur Schram listfræðingur, Hörður Agústsson listmálari og Magnús Pálsson myndlistarmáður. 27 verk bárust eftir 19 höfunda. Þar af voru 8 verk valin til sýningarinnar.

Fyrir valinu urðu verk eftir Asgerði Búadóttur, Gerlu Geirsdóttur, Guðrúnu Auðunsdóttur, Guðrúnu Þorkelsdóttur, Hildi Hákonardóttur, Rögnu Róbertsdóttur og Þorbjörgu Þórðardóttur.



Norræn vefjalist var sýnd að Kjarvalsstöðum í janúar 1977. Önnur slík sýning verður opnuð í Gautaborg í næstu viku.